

Íbúaráð Kjalarness

Ár 2021, fimmtudaginn 9. desember, var haldinn 24. fundur íbúaráðs Kjalarness. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur - Tjarnarbúð og hófst kl. 16.01. Eftirtaldir fulltrúar sátu fundinn: Sigrún Jóhannsdóttir. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með fjarfundarbúnaði með vísan til heimilda í 1. másl. 1. mgr. 54. gr. sbr. 4. másl. 1. mgr. 13. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar varðandi fjarfundaheimild: Marta Guðjónsdóttir, Guðni Ársæll Indriðason, Olga Þorsteinsdóttir og Rósmundur Sævarsson. Fundinn sat einnig Heimir Snær Guðmundsson sem ritaði fundargerð og Ragnar Harðarson sem sat fundinn með fjarfundarbúnaði.

Petta gerðist:

1. Fram fer kynning á framkvæmdum á Vesturlandsvegi.
Samþykkt að fela formanni og varaformanni að rita Vegagerð bréf um mögulega fjölgun stoppistöðva strætó á Kjalarnesi.

Anna Elín Jóhannsdóttir frá Vegagerðinni tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

2. Lagt fram bréf mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu dags. 8. nóvember 2021 um niðurstöður í Hverfið mitt.
3. Lagt fram svar fjármála- og áhættustýringarviðs dags. 15. nóvember 2021 við fyrirspurn íbúaráðs Kjalarness um styrk úr fjarskiptasjóði vegna ljósleiðaravæðingar í dreifbýli Reykjavíkur, sbr. 10. liður fundargerðar ráðsins frá 9. september 2021.
4. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjóra og borgarritara dags. 7. desember 2021 með umsagnarbeiðni um drög að atvinnu- og nýsköpunarstefnu Reykjavíkurborgar til 2030.
5. Fram fer umræða um málefni Kjalarness.
Samþykkt að setja öryggismyndavélavöktun í Grundarhverfi á dagskrá næsta fundar eftir ábendingu íbúa.
6. Lagðar fram til afgreiðslu umsóknir í Hverfissjóð. Þessi liður fundarins er lokaður. d

Samþykkt að veita UMFK styrk að upphæð kr. 150.000.- vegna verkefnisins Fjölskyldu ratleikur.

Samþykkt að veita Skógræktarfélagi Kjalarness styrk að upphæð kr. 200.000,- vegna verkefnisins Áningarsælureitur í hlíðum Esju - búnaður og efniskostnaður með því skilyrði að haft verði samráð við umhverfis- og skipulagssvið um framkvæmd verkefnisins.

Samþykkt að veita Skógræktarfélagi Kjalarness styrk að upphæð kr. 364.000,- vegna verkefnisins Áningarsælureitur í hlíðum Esju – jarðvinna með því skilyrði að haft verði samráð við umhverfis- og skipulagssvið um framkvæmd verkefnisins.

Fundi slitið kl. 17.17

Sigrún Jóhannsdóttir

Guðni Ársæll Indriðason
Olga Þorsteinsdóttir

Marta Guðjónsdóttir
Rósmundur Örn Sævarsson